

## REGLUGERÐ

### um (10.) breytingu á reglugerð um greiðslur úr fódursjóði nr. 431/1996.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. í 3. tl. 2. gr. reglugerðarinnar komi nýr málslíður er orðast svo:

Fyrir fódurblöndur sem upprunnar eru frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, skal greiða að fullu andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 31. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á þeim lögum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. október 2011 og gildir til og með 31. desember 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2011.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ása Þórhildur Þórðardóttir.*